

Ed. **476. Breytingartillögur** [139. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1951, um breyt. á l. nr. 50/1946, um almanna-tryggingar, og viðauka við þau.

Frá Finnboga R. Valdimarssyni.

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Á eftir 3. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að greiða úr ríkissjóði það, sem á vantar til þess að Tryggingastofnunin geti á árinu 1952 greitt bætur með fullri uppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu án þess að skerða tryggingasjóðinn.